

## Setning Listahátíðar í Reykjavík




[Listahátíð í Reykjavík](#) verður sett föstudaginn 14. maí kl. 17.45 í [Listasafni Íslands](#). Setningarathöfnin verður í beinni útsendingu í Sjónvarpinu. Ávörp flytja Þórunn Sigurðardóttir listrænn stjórnandi hátíðarinnar og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sem jafnframt setur hátíðina. Fjöldmörg atriði verða við setningu hátíðarinnar þar á meðal mun Hljómskálakvintettinn spila, [Íslenski dansflokkurinn](#) verður með nýtt verk eftir Katrínu Hall, sýnt verður brot úr Íshljómi, kvikmynd Páls Steingrímssonar, karlakór St. Basil dómkirkjunnar flytur nokkur lög og sýnt verður brot úr sýningu [Vesturports-sirkussins](#) en þeir verða með sirkusatriði í miðborg Reykjavíkur á laugardaginn. Síðast en ekki síst

verður formlega opnuð sýningin í nærmynd í [Listasafni Íslands](#).



Brot úr Íshljómi, kvikmynd Páls Steingrímssonar. Sýnt verður úr myndinni við setningu Listahátíðar.



### Úthlutun styrkja til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu á skólaárinu 2004-2005

Menntamálaráðuneytið hefur úthlutað styrkjum til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu á árinu 2004. Alls var sótt um styrki til 95 verkefna. Að fengnum tillögum nefndar sem metur umsóknir og gerir tillögur um úthlutun hefur menntamálaráðherra ákveðið að veita 16.7 milljónum króna til 35 verkefna. Nánari upplýsingar um styrkþega er að finna á vef ráðuneytisins [menntamalaraduneyti.is](#).



### Sildarminjasafnið á Siglufirði hlýtur Micheletti-verðlaun Evrópuráðs safna 2004

[Sildarminjasafnið](#) hlaut önnur aðalverðlaun Evrópuráðs safna,

[Micheletti-verðlaunin](#), er þau voru afhent í Grikklandi um síðustu helgi. Þetta er í fyrsta sinn sem íslenskt safn tekur þátt í keppninni en safnaráð tilnefndi Sildarminjasafnið í febrúar síðast liðinn. Alls stendur til boða 40 þúsund söfnum í Evrópu þátttaka í keppninni og voru 60 söfn tilnefnd til verðlaunanna í ár, þar af komust 45 áfram í úrslitakeppnina í Apenu.

Micheletti-verðlaunin eru veitt fyrir framúrskarandi safnastarf á sviði vísinda, iðnaðar eða tækni. Aðalverðlaunin og titillinn "Safn Evrópu" hlaut fornminjasafnið í Alicante á Spáni og einnig fékk heilsugæslusafnið í [Edirne](#) í Tyrklandi verðlaun.

Örlygur Kristfinnsson, forstöðumaður [Sildarminjasafnsins](#) tók við verðlauninum í Apenu. Verðlaunin eru gríðarmikill heiður fyrir Sildarminjasafnið og heimamenn á Siglufirði sem hafa lagt á sig mikla vinnu við að gera safnið eins veglegt og raun ber vitni. Menntamálaráðuneytið sendir forsvarmönnum safnsins bestu hamingjuóskir með frábæran árangur.



### Nám að loknum grunnskóla 2004

Út er komið ritið [Nám að loknum grunnskóla 2004](#). Í þessu riti sem allir nemendur í 10. bekk grunnskóla fá í hendur eru upplýsingar um nánast allt nám á framhaldsskólastigi hér á landi. Þessum bæklingi er ætlað að kynna fyrir grunnskólanemendum, foreldrum þeirra eða forráðamönnum, það nám sem er í boði í íslenskum framhaldsskólum. Meginefni hans er því lýsing á námsleiðum á framhaldsskólastigi og námsframboði framhaldsskóla.

Upplýsingar um útgáfu ráðuneytisins er að finna á vef ráðuneytisins [menntamalaraduneyti.is](#) undir útgefið efni.

